

Þjónustusamningur

Menntamálaráðuneytið annars vegar og Alþýðusamband Ísland og Samtök atvinnulífsins hins vegar hafa frá árinu 2003 starfað saman að símenntun á íslenskum vinnumarkaði. Samstarf þetta byggir á yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar frá 13. desember 2001 og 15. nóvember 2005; 5. tölulið yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi kjarasamninga frá 22. júní 2006; 4. efnislið 6. töluliðar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um stöðugleika í efnahagsmálum 17. febrúar 2008 og 3. lið 12. töluliðar stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og ýmissa hagsmunaaðila 26. júní 2009.

Í ljósi góðrar reynslu af framangreindu samstarfi og sameiginlegum undirbúningi að nýrri lagasetningu um framhaldsfræðslu hafa menntamálaráðuneytið, kt. 460269-2969, annars vegar og Alþýðusamband Íslands (ASÍ), kt. 420169-6209, og Samtök atvinnulífsins (SA), kt. 680699-2919, hins vegar ákveðið að endurnýja þjónustusamning um verkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, dags. 26. janúar 2006, með viðaukum dags. 26. janúar 2007 og 23. september 2008 á eftirfarandi hátt.

1. gr.

ASÍ og SA reka Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. (FA) til að sinna verkefnum samkvæmt þessum þjónustusamningi, auk þess að þjóna sameiginlegum fræðslustofnunum sem starfa á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Samningsaðilar móta sameiginlega stefnu um einstök samstarfsverkefni en FA mun stjórna framkvæmd þeirra að viðhöfðu samráði við menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Meginmarkmiðið með verkefnum samkvæmt samningi þessum er að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

Verkefni sem FA tekur að sér eru eftirfarandi:

- a) Að stuðla að aukinni og bættri fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, óháð búsetu á landinu. Afla skal upplýsinga um markhópinn, styðja fræðsluaðila við að skilgreina menntunarþarfir markhópsins og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þeim þörfum.
- b) Að þróa aðferðir við mat á óformlegu námi og námsárangri í samvinnu við menntamálaráðuneytið, atvinnulífið og fræðsluaðila ásamt því að þróa aðferðir við mat á raunfærni einstaklinga. FA skal vinna með menntamálaráðuneytinu að stefnumótun, uppbyggingu kerfis og prófun á því bæði fyrir fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun svo og faglærða starfsmenn á vinnumarkaði. Unnið skal að öllum þáttum raunfærnimats; til styttingar á námi, bættrar stöðu á vinnumarkaði, svo og almennrar færniuppbyggingar. Einnig skal FA þróa aðferðir

við uppbyggingu námsferilsskrár (nemendabókhalds) í samstarfi við fræðsluaðila og menntamálaráðuneytið þar sem tekið verði mið af mati á óformlegu námi og raunfærni.

- c) Að þróa aðferðir í náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði og miðla sérfræðilekkingu með handleiðslu og kennslu.
- d) Að þróa aðferðir í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun með sérstakri áherslu á markhópin og miðla sérfræðilekkingu með ráðgjöf og kennslu.
- e) Að safna og miðla upplýsingum og annast önnur verkefni sem falla að meginmarkmiði samnings þessa og menntamálaráðuneytið kann að fela FA.
- f) Að gangast fyrir átaki til að auka gæðavitund fræðsluaðila og kennara í fullorðinsfræðslu með kynningarfundum og námskeiðum um gæðaviðmið FA og nýngar í kennsluaðferðum eftir því sem forgangsröðun útgjalda gefur tilefni til.
- g) Stuðla að aukinni námsefnisgerð á grundvelli námskráa FA eftir því sem forgangsröðun útgjalda gefur tilefni til.
- h) Að meta, í samstarfi við menntamálaráðuneytið, þarfir fyrir einstaklingsmiðaða náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, móta inntak og framkvæmd þjónustusamninga FA við miðstöðvar símenntunar á landsbyggðinni og Mími – símenntun á höfuðborgarsvæðinu og skilgreina aðferðir við mat á árangri.
- i) Að skilgreina reglur um kostnaðarpáttöku ríkissjóðs og framkvæmd námskeiðahalds sem byggir á námskrám sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur vottað og menntamálaráðuneytið staðfest að meta megi til eininga á framhaldsskólastigi. Samstarfsaðilar FA í þessu verkefni eru miðstöðvar símenntunar, Mímir – símenntun og fræðslumiðstöðvar iðngreina.
- j) FA skal skilgreina nýtingu fjár sem ætlað er að gera fræðslumiðstöðvum iðngreina kleift að bjóða upp á þjónustu náms- og starfsráðgjafa. FA skal þróa í samstarfi við fræðslumiðstöðvar iðngreina aðferðir til raunfærnimats sem eru sérstaklega til þess fallnar að nýtast einstaklingum sem hafa hafið iðnnám, en ekki lokið sveinsprófi. Fræðslumiðstöðvar hafi eftir atvikum forgöngu um að vinna málið áfram í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar, framhaldsskóla og starfsgreinaráð. FA skal sjá um gerð og miðla gátlistum fyrir raunfærnimat í samstarfi við fræðslumiðstöðvar iðngreina.
- k) Gefa skal fræðsluaðilum (símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni, Mími – símenntun og fræðslumiðstöðvum iðngreina) kost á að sækja um styrki til raunfærnimats skv. reglum sem menntamálaráðuneytið ákveður og nánari skilyrðum sem FA setur um framkvæmd slíkra verkefna og staðfestar skulu af menntamálaráðuneytinu.

3. gr.

FA skal fyrir 1. nóvember 2009 leggja starfs- og rekstraráætlun sína fyrir árið 2010 fyrir menntamálaráðuneytið til samþykktar. Áætlunin skal fela í sér nákvæmt yfirlit um skiptingu fjárveitinga á verkefni.

FA skal fyrir 31. mars 2010 senda menntamálaráðuneytinu ársskýrslu þar sem grein er gerð fyrir framgangi verkefna sem FA hefur unnið samkvæmt fyrri samningum og áætlunum árið 2009, svo og framgangi annarra verkefna fyrir tilmæli menntamálaráðuneytisins. Jafnframt skal fylgja endurskoðaður ársreikningur 2009.

Haldnir skulu reglulegir samráðsfundir aðila tvisvar á ári sem menntamálaráðuneytið boðar til þar sem farið er kerfisbundið yfir starfsemi og áætlanir FA.

4. gr.

Á samningatímanum mun menntamálaráðuneytið greiða FA alls 699,2 m. kr. árið 2010 á verðlagi fjárlaga þess árs fyrir þá þjónustu sem FA lætur ráðuneytinu í té skv. samningi þessum. Þar af skal 88,3 m. kr. varið til verkefna skv. stafliðum a), b), c), d), e) og f) í 2. gr. Jafnframt skal 610,9 m. kr. á ári varið til verkefna sem talin eru í stafliðum g), h), i), j) og k).

FA er heimilt að nýta allt að 3% af þeirri upphæð sem ætluð er til verkefna skv. stafliðum g), h), i), j) og k) til kostnaðar við umsýslu með þessum verkefnum.

Heildarupphæðir og greiðslur samkvæmt samningnum eru háðar samþykki Alþingis í fjárlögum.

Framlag skv. samningi þessum greiðist mánaðarlega með jöfnum greiðslum.

5. gr.

FA ber fulla ábyrgð á framkvæmd verkefna skv. þjónustusamningi þessum en er þó heimilt að kaupa þjónustu verktaka vegna einstakra verkefna. FA ber þó alla ábyrgð á verkefnunum og skal ekki gera minni kröfur til undirverktaka en gerðar eru til FA skv. samningi þessum.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið annast eftirlit vegna þessa þjónustusamnings. Fulltrúar menntamálaráðuneytisins hafa heimild til að fylgjast með allri framkvæmd og starfsemi FA. Umsamin verkefni eru háð eftirliti Ríkisendurskoðunar í samræmi við lög.

7. gr.

Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


8. gr.

Þjónustusamningur þessi gildir frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2010 og skal hann endurskoðaður í samræmi við ákvæði fyrirhugaðra laga um framhaldsfræðslu um leið og þau taka gildi, ákveði Alþingi að setja slík lög. Endurskoðun skal þó eigi ljúka síðar en fyrir 1. október 2010.


Af samningi þessum eru gerð þrjú samhljóða frumrit og heldur hver aðili sínu.

Reykjavík, 26. október 2009

F.h. menntamálaráðuneytis



F.h. Alþýðusambands Íslands



F.h. Samtaka atvinnulífsins

